# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Bolungarvík að Hóli**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 29.8.2013 | **Fulltrúi UST** | Sigrún Guðmundsdóttir |
| **Fyrirtæki** | Bolungarvík | **Fulltrúi UST** | |
| **Heimili** | Aðalstræti 12 | **Tegund eftirlits** | Reglubundið |
| **Kennitala** | | **Flokkur** | Úrgangur og efnamóttaka |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Gísli Gunnlaugsson | **ÍSAT nr.** | 38.21.00 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | 307786,784 635095,624 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er ein athugasemd við starfsemi rekstraraðila og tvö frávik staðfest. Frávikin varða meðhöndlun timburs á svæðinu og neyðaráætlun, en athugasemdin móttöku og skráningu úrgangs.

## UMFANG EFTIRLITS

Urðunarsvæðið var skoðað og síðan haldinn samráðsfundur með Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Antoni Helgasyni og Hlyni Reynissyni.
Rætt var um móttöku, skráningu og meðhöndlun úrgangs, þá helst timburs, rekstur urðunarstaðarins almennt og mælingar á vatni sem um urðunarsvæðið fer. Þann 15.9.sl. fór fram símafundur með Finnbirni Birgissyni umsjónarmanni urðunarstaðarins. Móttaka og skráning úrgangs var rædd.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|---|---|
| Ákv. starfsleyfis nr. 1.2,1.3 og 2.7 hvað snertir tækan úrgang og meðhöndlun lífræns úrg. á staðnum. Sjá einnig ákv. 1.4 um breytingar á rekstri, þ.e. ef rekstraraðili hyggur á breytingar á meðhöndlun úrgangs, þarf að tilkynna þær með hæfilegum fyrirvara til UST | Timbur sem óhæft er í lífræna endurvinnslu er meðhöndlað á urðunarsvæðinu, þ.e. litað/viðarvarið timbur er blandað ómeðhöndluðu timbri og það brotið á staðnum og notað í manir. |
| Ákvæði 4.6 í starfsleyfi er segir fyrir um gerð neyðaráætlunar | Neyðaráætlun rekstraraðila hefur ekki borist. |

## ATHUGASEMDIR

Á fundum var móttaka og skráning úrgangs rædd og útfylling eyðublaðs Umhverfisstofnunar um magn og tegund móttekins úrgangs. Samræmdar vinnureglur á þessu sviði er undirstaða áreiðanlegra upplýsinga um úrgang og meðhöndlun hans á landinu.

Reykjavík, 16.09.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.